

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 34.32 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 16.40 hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 4 454.00 á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 83.00 fyrir m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 42.00 á m<sup>2</sup> á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 7.45 hverja kwst. og auk þess fastagjald kr. 767.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

##### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 16.40 hverja kwst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kw. Aflgjald skv. kwst.-mæli á kr. 8 123.00 hvert árs-kw. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kwst.-mæli á kr. 2.92 hverja kwst. Minnsta aflgjald er kr. 40 616.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kw.-notkunar.

##### D. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 5.73 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 7.62 hverja kwst.
3. Um kwst.-mæli á kr. 2.05 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
4. Um kwst.-mæli á kr. 2.68 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.
5. Um kwst.-mæli á kr. 1.07 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

6. Um kwst.-mæli á kr. 1.40 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.  
Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
  - Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
  - Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.
  - Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
  - Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

#### E. Stórnotkun.

- Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kw.  
Aflgjald: kr. 14 806.00 hvert árs-kw.  
Orkugjald: kr. 1.65 hverja kwst.  
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

#### F. Önnur notkun.

- Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur:  
Um kwst.-mæli á kr. 18.01 hverja kwst.
- Gjöld fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 47 100.00 hvert árskilówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem skal gerð árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

#### G. Mælaleiga.

- Af einfasa mælum kr. 40.00 á mánuði.
- Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 96.00 á mánuði.
- Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 161.00 á mánuði.
- Af mestumælum kr. 246.00 á mánuði.
- Ársleigan eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

## II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðlínu heimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína		Loftlína	
	Lágmark Kr.	Yfirlengd Kr./m	Lágmark Kr.	Yfirlengd Kr./stólpa
220 V kerfi				
63 A 1-fasa	26 800	1 500	20 300	19 700
100 A 1-fasa	32 400	1 790	25 700	24 600
63 A 3-fasa	33 400	1 790	25 700	24 600
100 A 3-fasa	41 500	2 030	29 200	30 700
125 A 3-fasa	51 900	2 270	36 500	32 200
200 A 3-fasa	81 000	3 080	57 800	36 800
300 A 3-fasa	116 800	3 750		
380 V kerfi				
63 A 1-fasa	26 800	1 500	23 000	19 700
63 A 2-fasa	32 400	1 500	25 700	23 000
63 A 3-fasa	45 400	1 790	34 900	24 600
100 A 3-fasa	71 800	2 030	51 900	30 700
125 A 3-fasa	89 600	2 270	63 000	32 200
200 A 3-fasa	140 500	3 080	99 400	36 800
300 A 3-fasa	202 500	3 750		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 1 110.00 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m svo að hún nái löglegri hæð skal greitt umframgjald kr. 10 800.00 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrir fram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá,

þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

### III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 660.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 660.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.
2. Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.
3. Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytingar á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. febrúar 1973, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Breyting og hækkun gjaldskrár skv. ofanrituðu, 1—3, er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 15%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, 2% til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og 13% verðjöfnunargjald, samtals 32%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á töxtum D.1, D.3 og D.5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi sbr. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 263 23. september 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.*

**F. h. r.**

**Árni Þ. Árnason.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*